

✉ Hverfjall - umsögn NÍ

Búið til	25.8.2021 11:41:10
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	25.8.2021 11:41:08
Tilheyrir	 202107-0015 - Endurskoðun friðlýsingar náttúruvættisins Hverfjalls í Skútustaðahreppi

Efni

Hverfjall - umsögn NÍ

Upplýsingar

Sent	25.8.2021 11:41:08	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	hildurv@umhverfisstofnun.is, ust@ust.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202107-0015 (SS, LA).

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun dags. 7. júlí 2021 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um endurskoðun friðlýsingar náttúruvættisins Hverfjalls.

Við endurskoðunina er mörkum friðlýsta svæðisins breytt þannig að það minnkar nokkuð en sneitt er af svæðinu vestan- og norðanmegin. Ekki kemur fram í auglýsingunni hvers vegna verið er að minnka svæðið og telur Náttúrufræðistofnun að það mætti koma betur fram. Ljóst er að hluti minnkunarinnar verður til þess að vegur, bílastæði og þjónustuhús falla utan markanna sem og tenging við gönguslóða frá Dimmuborgum og í auglýsingunni kemur fram að tryggt verði að „svæðið nýtist til útivistar og ferðabjónustu til framtíðar og sé í stakk búið til að taka á móti þeim fjölda gesta sem heimsækja svæðið“. Því er möguleiki að til standi að frekari uppbygging á þjónustu fyrir ferðafólk á svæðinu en ekki er greint frá því sérstaklega. Hverfjallið sjálft sem er meginviðfang friðlýsingarinnar er enn að mestu leyti innan marka friðlýsingar en ljóst er að lítið sem ekkert jaðarsvæði verður eftir vestan og norðanmegin.

Náttúrufræðistofnun mælir gegn því að mörkum náttúruvættisins Hverfjalli sé breytt. Í dag ná mörkin að mestu utan um gígmyndunina, ásamt jaðarsvæði (sem mætti vera stærra), og með því að breyta mörkunum er verið að skerða heildstæða friðun gígsins. Þá telur Náttúrufræðistofnun að affriðun náttúruverndarsvæðis til að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu þjónustu sé ekki heppileg leið. Hverskyns þjónusta hefur víða verið byggð upp innan friðlýstra svæða og þjóðgarða og ekki er séð að breyta þurfi mörkum vegna þessa svo lengi sem uppbygging þjónustu sé ekki á kostnað verndargildis. Erfiðara getur reynst að tryggja slíkt utan marka friðlýsta svæðisins.

Þá ber að geta þess að utan við friðlýsta svæðið eru nútímahraun sem njóta sérstakrar verndar og er ekki æskilegt að framkvæmdir vegna ferðaþjónustu sem valda raski á því hrauni séu leyfðar. Einnig hafa gróðurleifar, trjábolir og laufför fundist í gjósku norðan við Hverfjall. Í grein Sigurðar Þórarinssonar jarðfræðings í Náttúrufræðingnum frá 1962 segir: "Nær Hverfjalli, sunnan Svörtuborgabruna, verða gosmalarstabbarnir þykkari, grófari og samfelldari og þar er mikið af förum eftir trjáboli, flesta lóðréttá." Ekki hefur verið kannað nógu vel hvort þessar gróðurleifar séu að finna innan núverandi verndarmarka Hverfjalls. Endurskoðun marka Hverfells ætti því að vera tilefni til að íhuga frekari stækkun í ljósi verndargildis jarðminja í næsta nágrenni í stað þess að minnka friðlýsta svæðið.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Hildur Vésteinsdóttir" <hildurv@umhverfisstofnun.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Bréf_Náttúrufræðistofnun_undirritað.pdf

Date: 9.7.2021 09:03:15

Góðan dag.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að endurskoðun friðlýsingar náttúruvættisins Hverfjalls í Skútustaðahreppi.

Bréfið er aðeins sent rafrænt.

Bestu kveðjur, Best regards

Hildur Vésteinsdóttir

Sviðsstjóri, Director

Svið friðlýsinga og starfsleyfa, Department for Designation of NPAs Nature Protection Areas and Pollution Permits



Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is) (<http://www.ust.is/>)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer) (<http://www.ust.is/disclaimer>)

Viðhengi

image001.png (4 KB)

image001.png (5 KB)